

Nd. 776. Frumvarp til laga [457. mál]

um Framkvæmdasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að annast innan ramma lánsfjárlaga milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar sjóðnum stjórn þriggja manna, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðis-sjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, sbr. þó 2. og 3. mgr., svo og skuldbindingum þeirra.

Nú verður sett á stofn Byggðastofnun í eigu íslenska ríkisins og skal Byggðastofnun þá eignast helming af fasteign Framkvæmdasjóðs, Rauðarárstíg 25, Reykjavík. Skal fasteignin

eftir það verða óskipt sameign Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar. Þó skal þessum aðilum heimilt að skipta með sér nefndri fasteign með eignaskiptasamningi.

Hinn 1. janúar 1986 skal eignarhaldsfyrirtæki ríkisins taka við allri hlutafjäreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutafélögum.

5. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs eru:

1. Eignir Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, sbr. þó 2. og 3. mgr. 3. gr. laga þessara.
2. Tekjur af starfsemi samkvæmt 2. gr. laga þessara.
3. Fjármagnstekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaður ræður sjóðnum annað starfsfólk.

7. gr.

Ef veð er selt á nauðngaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði og skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega að hann geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

8. gr.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi Framkvæmdasjóðs.

9. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóðs eða annarra stofnana.

10. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdasjóðs. Forsætisráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði endurskoðenda. Ársreikninga sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Framkvæmdasjóðs og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun september 1984 gerðu stjórnarflokkarnir með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Í samkomulaginu sagði m. a. í kafla um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis:

„Sett verði á fót sjálfstæð og öflug byggðastofnun sem stuðli að jafnvægi í byggð landsins. Stofnað verði sérstakt fyrirtæki (þróunarfélag) ríkis, banka, almennings og aðila í atvinnurekstri til að greiða fyrir nýskipan í atvinnulífinu. Eignir ríkisins í þeim atvinnufyrirtækjum, sem henta þykir, verða sameinaðar í eignarhaldsfyrirtæki. Í samræmi við þetta verði gerðar tillögur um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins.“

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var þann 24. október 1984 til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Í nefndinni áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni hafa starfað þeir Baldur Guðlaugsson hrl., Eiríkur Tómasson hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson, deildarstjóri og síðar framkvæmdastjóri, en hann var ritari nefndarinnar. Nefndin hefur auk þessa frumvarps m. a. samið frumvarp til laga um Bygðastofnun, frumvarp til laga um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu og frumvarp til laga um eignarhaldsfyrirtæki ríkisins.

Í samræmi við þá nýskipan, sem í ofangreindum frumvörpum felst, en þau verða ýmist lögð fram samhliða eða í framhaldi af þessu frumvarpi, er lagt til í frumvarpi þessu að lög nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, falli úr gildi. Framkvæmdastofnun ríkisins starfar í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Auk þess fer Framkvæmdastofnun með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands og Bygðasjóðs.

Gert er ráð fyrir að Bygðastofnun taki við eignum og skuldbindingum Bygðasjóðs og annist á sviði byggðamála bæði áætlanagerð og lánastarfsemi samkvæmt því sem nánar verður kveðið á um í lögum. Þá er gert ráð fyrir að hlutafélag það, sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir að stofnað verði í því skyni að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi, muni takast á hendur þær rannsóknir á arðsemi og tæknilegum forsendum nýrra atvinnugreina og fyrirtækja og nýjungum í atvinnulífi og það frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja sem núgildandi lög heimila lánadeild Framkvæmdastofnunar og Framkvæmdasjóði. Önnur núverandi verkefni Framkvæmdastofnunar ríkisins en nú eru talin munu ýmist flytjast til annarra stofnana eða leggjast af.

Nefnd sú, sem samið hefur frumvarp þetta, tók til ítarlegrar athugunar hvort ekki væri eðlilegt að fella lagaákvæði um Framkvæmdasjóð Íslands úr gildi um leið og önnur ákvæði laganna um Framkvæmdastofnun ríkisins. Niðurstaðan varð sú að rétt væri að setja sérstök lög um Framkvæmdasjóð Íslands sem tæki við eignum og skuldbindingum núverandi Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs þótt hlutverk hins nýja sjóðs yrði annað og þrengra en hlutverk núverandi Framkvæmdasjóðs. Þessi niðurstaða byggist einkum á tvennu. Í fyrsta lagi hefur Framkvæmdasjóður Íslands stofnað til víðtækra skuldbindinga erlendis með lántökum sem eru til allt að 16 ára. Niðurlagning sjóðsins gæti skapað óvissu og óróa hjá lánveitendum og e. t. v. leitt til þess að sumir teldu sér heimilt að gjaldfella lán nú þegar. Í öðru lagi hefur Framkvæmdasjóður Íslands öðlast reynslu og getið sér gott orð á erlendum lánamörkuðum. Getur því reynst hagkvæmt fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila að eiga þess kost að nýta sér milligöngu sjóðsins við lántökur þar sem það kann bæði að auðvelda og einfalda lántökur og verða til þess að lán fái með hagstæðari vöxtum en ella væri. Af þeim ástæðum, sem nú er getið, var og talið rétt að sjóður sá, sem stofnað er til með frumvarpi þessu, héldi sama heiti og núverandi sjóður, bæði á íslensku og á ensku, en erlendis gengur hann undir hinu enska heiti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er hlutverk sjóðsins skilgreint. Er það allt annað og miklu þrengra en hlutverk núverandi Framkvæmdasjóðs. Skv. þessari grein er ekki gert ráð fyrir því að sjóðurinn hafi

frumkvæði að lántökum. Honum er einungis ætlað það hlutverk að vera til reiðu fyrir þá fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem óska kynnu milligöngu hans um lántök. Til þess að álit og markaðsstaða sjóðsins erlendis nýtist kann hins vegar oft að reynast nauðsynlegt að sjóðurinn taki erlend lán í eigin nafni þótt hann sé í reynd að taka slík lán vegna tiltekinna innlendra aðila. Hann mundi síðan endurlána hinum innlendu aðilum gegn eðlilegri þóknun eða vaxtamun enda kæmu til viðhlítandi tryggingar. Sjóðnum er óheimilt að lána eða ráðstafa eigin eignum eða veita ábyrgðir fyrir lánum.

Um 3. gr.

Með tilvísun til þess að starfsemi sjóðsins er nátengd starfsemi sem Seðlabanki Íslands hefur með höndum og ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins þykir rétt að stjórnarmenn séu tilnefndir af þessum aðilum.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein tekur Framkvæmdasjóður við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs, þó með þeim undantekningum er greinir í 2. og 3. mgr. Enn fremur yfirtekur Framkvæmdasjóður skuldbindingar þessara sjóða.

Samkvæmt ársreikningum Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1984 var eigið fé hans pr. 31/12 1984 483,5 milljónir króna. Fasteign Framkvæmdasjóðs, Rauðarárstígur 25, Reykjavík, var í ársreikningnum metin á 75,8 milljónir króna. Í 2. mgr. er kveðið svo á að Bygðastofnun, sem fyrirhugað er að setja á stofn, skuli eignast helming þessarar fasteignar, en Bygðasjóður og Framkvæmdastofnun eru nú til húsa á þessum stað. Þykir eðlilegt er rofin eru þau tengsl sem verið hafa á milli Bygðasjóðs og Framkvæmdasjóðs að hin nýja Bygðastofnun eignist hlutdeild í húsnæði því sem nýtt hefur verið af sjóðunum sameiginlega. Fasteignin Rauðarárstígur 25, Reykjavík, yrði þá eftirleiðis óskipt sameign Framkvæmdasjóðs og Bygðastofnunar nema þessir aðilar ákvæðu að gera eignaskiptasamning um hana.

Í 3. mgr. segir að eignarhaldsfyrirtæki ríkisins, sem fyrirhugað er að setja á laggirnar, skuli hinn 1. janúar 1986 taka við allri hlutfjáreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutfélögum. Framkvæmdasjóður á nú hlutfé í þremur hlutfélögum, þ. e. 98,28% hlutfjár í Álafossi hf., 64,47% hlutfjár í Norðurstjórnunni hf. og 15,24% hlutfjár í Fjárfestingafélagi Íslands hf. Í ársreikningum Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1984 var hlutabréfaeign sjóðsins metin á 147 milljónir króna.

Um 5.—11. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að lög in öðlist gildi 1. september 1985. Lagt verður til að lög um Bygðastofnun öðlist jafnframt gildi þann dag. Er þetta gert svo að nægilegt svigrúm gefist eftir að frumvörpin hafa verið samþykkt sem lög frá Alþingi til þess að undirbúa þær breytingar, sem óhjákvæmilega verða samfara stofnun sjálfstæðrar Bygðastofnunar, nýrri löggjöf um Framkvæmdasjóð og niðurfellingu laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.